

Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar

1. grein

Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar er sjálfstæð skjalavörslustofnun. Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar lýtur yfirstjórn bæjarstjórnar Fjallabyggðar og faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands.

2. grein

Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar starfar samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 með síðari breytingum, upplýsingalögum nr. 140/2012 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Umdæmi safnsins er Siglufjörður og Ólafsfjörður.

3. grein

Héraðsskjalasafnið skal samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 283/1994 meðal annars varðveita skjalasöfn þeirra embætta, stofnana og félaga sem hér greinir um afhendingarskyldu, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 283/1994:

- | | |
|--|---|
| 1. Bæjarstjórna, | 13. héraðsfunda, |
| 2. sýslu-og héraðsnefnda, | 14. sóknarnefnda, |
| 3. byggðasamlaga, | 15. sjúkrasamlaga, |
| 4. hreppsnefnda, | 16. búnaðarsambanda, |
| 5. hreppstjóra, | 17. ræktunarsamband, |
| 6. bæjar-, sýslu-, héraðs- og hrepps fyrirtækja, | 18. hrepps búnaðarfélaga, |
| 7. sáttanefnda, | 19. búfjárræktarfélaga, |
| 8. forðagæslumanna, | 20. skógræktarfélaga, |
| 9. yfir- og undirskattanefnda, | 21. íþrótt- og ungmennafélaga, |
| 10. undirfasteignamatsnefnda, | 22. lestrarfélaga, |
| 11. skólanefnda, | 23. slysavarna- og björgunarfélaga, |
| 12. barnaverndarnefnda, | 24. leikfélaga og annarra menningarfélaga, þ.á.m. kvenfélaga. |

Afhenda skal á héraðsskjalasafn skjöl allra embætta, stofnana og fyrirtækja á vegum þessara aðila eða annarrar starfsemi á vegum þeirra. Einnig skjöl allra félaga og samtaka, sem njóta verulegra styrkja af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

Afhendingarskylda tekur jafnframt til lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu Fjallabyggðar. Þá tekur afhendingarskylda einnig til einkaréttarlegra lögaðila að því er varðar gögn sem til hafa orðið í starfsemi sem hann hefur tekið að sér að sinna fyrir hönd sveitarfélagsins, sbr. 5. gr. laga nr. 66/1985.

Auk þess safnar Héraðsskjalasafnið skjölum einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka sem ekki eru skilaskyld til safnsins. Héraðsskjalasafnið skal leitast við að eignast eftirtökur af öðrum skjölum sem varða héraðið og ekki fást í frumriti.

Héraðsskjalasafnið skal líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila og láta þeim í té ráðgjöf um skjalavörslu. Einnig að gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra, svo sem með námskeiðum og leiðbeiningum.

4. grein

Forstöðumenn afhendingarskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu sinna stofnana og skulu hlíta fyrirmælum Héraðsskjalasafns Fjallabyggðar um skráningu, flokkun og frágang skjala og fylgja lögum og reglum sem gilda um opinbera skjalavörslu hverju sinni. Skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Héraðsskjalasafni Fjallabyggðar áður en þau eru tekin í notkun.

5. grein

Bæjarstjórn Fjallabyggðar leggur til rekstrarfé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun hvers árs fyrir sig til rekstrar Héraðsskjalasafnsins.

6. grein

Reikningar Héraðsskjalasafnsins skulu vera hluti af bókhaldi og ársreikningum Fjallabyggðar sem eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sveitarfélagsins.

7. grein

Samþykkt þessi og breytingar sem á henni kunna að verða gerðar öðlast gildi að fengnu samþykki bæjarstjórnar Fjallabyggðar. Skal hún einnig lögð fyrir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

Samþykkt í Bæjarstjórn Fjallabyggðar, dags.

9. apríl 2014

Bæjarstjóri Fjallabyggðar

 

Staðfest af þjóðskjalaverði, dags.

14.05.2014

Þjóðskjalavörður

